



Aðalfundur Skipulagsfræðingafélags Íslands 24.03.2011 kl.20:00-23:00  
Staður: Vesturgata 32 „Bungalow“ , Hafnarfirði

Viðstaddir: Anna Katrín Svavarsdóttir, Bjarki Jóhannesson, Gestur Ólafsson, Hrafnkell Proppé, Ólafur Gísli Reynisson, Sigríður Kristjánsdóttir, Sverrir Örvar Sverrisson, Unnsteinn Gíslason.

**1. Ársskýrsla stjórnar.**

Bjarki Jóhannesson formaður SFFÍ fór yfir skýrslu stjórnar sem hafði verið send út fyrir fundinn.

- Farið yfir starfið á árinu. Þrjár athugasemdir voru gerðar við skýrsluna; réttnefna ætti m.s. brautir háskólanna; einni aukaðild var hafnað á árinu, Sigríður var skipaður tengiliður við ECTP og félagið er á póstlista ECTP.

**2. Ársreikningar fyrir starfsárið 2010-2011.**

Hrafnkell Proppé gjaldkeri SFFÍ fór yfir ársreikninga SFFÍ og athugasemdir skoðunarmanna.

- Reikningar samþykktir með tveim fyrirvörum; reikningsárið á að vera almannaksárið líkt og segir í lögum, Sigríður athugar reikning vegna veitinga á Skipulagverðlaununum.

**3. Tillaga um lagabreytingar**

Engar lagabreytingar þetta árið.

**4. Inntaka nýrra félaga**

- Alls bárust félaginu tvær umsóknir um löggildingu starfsheitisins á starfsárinu. Annari var hafnað og óskað var frekari gagna í hinu tilfallinu.
- Einnig bárust félaginu fimm um aukaaðild frá nemendum í skipulagsfræði og voru þær umsóknir einnig samþykktar að einni undanskilinni. Nýir félagar með aukaaðild eru Anna Katrín Svavarsdóttir, Axel Överby, Einar Jónsson og Helga Rún Guðmundsdóttir.

**5. Kosning í stjórn og nefndir**

Kosið var í stjórn, menntanefnd og 8.nóvember nefnd.

- Stjórn heldur áfram þar sem engin framboð bárust (Gleymdist að kjósa varamann en Óskar skipaður þangað til annað kemur í ljós).
- Í menntanefnd voru kjörnir Óskar, Gestur og Ólafur.
- Í 8 nóvember nefnd voru endurkjörin Pétur og Sigríður og Anna Katrín og María Guðbjörg þeim til aðstoðar.

**6. Kosning endurskoðenda**

- Pétur Ingi og Ómar endurkosnir.

**7. Ákveðin upphæð árgjalda**

- Óbreytt.

**8. Önnur mál**



- Starfið á 25 ára afmælisárinu. Rætt um málþing sem haldið var síðasta haust og þótti takast ágætlega. Einnig rætt um hádegisfundarröð sem er í gangi nú á vordögum. Einum slíkum fundi er lokið og þar hélt Tinna Haraldsdóttir erindi um samskiptaskipulag og íbúalýðræði. Bjarki upplýsti um efni næsta fundar 14. apríl þar sem stefnt er að því að ræða íbúalýðræði og skipulagssamkeppnir og þann lýðræðishalla sem finna má í slíkum keppnum. Rætt um afmælið 17.júni 2010 þar sem nokkrir skipulagsfræðingar komu saman og lyftu glasi í tilefni afmælisins.
- Starfsemi félagsins í náinni framtíð. Rætt um að félagið þurfi að taka á málum sem eru í umræðunni og boða til faglegrar umræðum svo sem um dóm hæstaréttis um skipulag í Flóa, Landspítaskipulagið, Hörpuna og fleira. Tengslin við almenning voru rædd og að leggja þurfi áherslu á að nálgast hann með því að taka á málefnum sem varða almenning í skipulagi, t.d. varðandi gæði byggðar og hver er réttur hins almenna borgara? Rætt um uppfræðsluhlutverk félagsins og þá staðreynd að skipulagsfræðingar er eina fagstéttin á þessu sviði sem setja almannahagsmuni í fyrsta sæti.
- Kröfur til starfsheitis, reglur um starfsreynslu. Rætt um nám í skipulagsfræði, spurning hvort að setja ætti upp ferli til staðfestingar löggildingar með prófi eða einhverju vottunarkerfi. Rætt um staðfestingu á menntun frá öðrum löndum og starfshópur skipaður til að skoða samræmingu við þau lönd sem eru að mennta skipulagsfræðinga í nágrenni við okkur. Starfshópurinn skipa,; Hrafnkell, Matthildur og Óskar. Unnið verði að tillögu fyrir næsta aðalfund. Starfshópurinn skoðar einnig hvernig reglur um starfsreynslu eru í öðrum fagfélögum á þessu sviði.
- Heimasíða. Rætt um að útbúa undirsíðu sem leiðbeinir tilvonandi nemendum um námsbrautir í boði og hvernig á að bera sig við löggildingu. Laga til í upplýsingaveitunum, búa til nýjan dálk fyrir skóla og athuga leturgerð. Ritari fer í málið.
- Rætt um að stofna regnhlífarsamtök þar sem öll þau fagfélög sem koma að skipulagi eigi fulltrúa og stuðla að auknum gæðum byggðar. Nýta sérstaka eiginleika skipulagsfræði námsins til þess að verða drifkraftur í svona samtökum
- Rætt um nýju skipulagslögin og að meira búi í þeim en við fyrstu sýn. Nýjar stofnanir og áhrif þeirra að stöðu skipulagsfulltrúa. Rætt um að Skipulagsstofnun kynni lögin fyrir SFFÍ og hvernig gengur að vinna með þau. Pétur Ingi gæti rætt um stöðuna hinum megin borðsins. Unnsteinn kannar málið.
- Rætt um að félagið ætti að búa til vettvang til að kynna nýjar rannsóknir í skipulagsfræðum fyrir almenningi, m.s. verkefni og aðrar rannsóknir Stjórn athugar málið
- Rætt um frumvarp til laga um Vegagerðina. Samþykkt að formaður sendi inn athugasemdir við frumvarpið.